

Starfskjarastefna fyrir Isavia ohf.

1. Tilgangur

Starfskjarastefna Isavia ohf. er sett samkvæmt 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 3. gr. laga nr. 89/2006, og byggir hún á meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja, almenna eigendastefnu ríkisins, langtímahagsmunum félagsins og háþörfun arðsemi fyrir hluthafa félagsins.

Markmið Isavia ohf. er að gera starf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti fyrir starfsfólk og þar með tryggja félaginu stöðu í fremstu röð. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins hafi heimild til að bjóða laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum á markaði. Laun hjá félaginu eiga að vera samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.

Með starfskjarastefnu þessari vill félagið tryggja að þessum markmiðum verði náð auk þess að veita hluthöfum aukin áhrif yfir og innsýn í stefnu félagsins varðandi starfkjör stjórnenda og stjórnarmanna.

2. Kjör stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Þóknun stjórnarmanna og varamanna þeirra skal ákveðin á aðalfundi ár hvert svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga um hlutafélög. Á aðalfundi skal jafnframt tekin ákvörðun um laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar.

Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun vegna stjórnarstarfa og starfa í undirnefndum fyrir komandi starfsár. Skal þóknunin taka mið af þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, því flókna umhverfi sem félagið starfar í, afkomu félagsins og taka tillit til almennrar launaþróunar.

3. Starfskjör forstjóra

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra. Grunnlaun og aðrar greiðslur til forstjóra skulu ávallt vera samkeppnishæf á markaði og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfars. Önnur starfskjör skulu vera svo sem tíðkanleg eru hjá sambærilegum fyrirtækjum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, afnot af bifreið og uppsagnarfrestur. Við ákvörðun uppsagnarfrests í ráðningarsamningi má hafa sérstök ákvæði um lengd uppsagnarfrests sem tekur mið af starfstíma forstjóra.

Grunnlaun forstjóra skulu endurskoðuð árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati stjórnar á frammistöðu forstjóra, þróun launakjara almennt í sambærilegum fyrirtækjum og afkomu félagsins.

Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

4. Starfskjör framkvæmdastjóra

Forstjóri ræður framkvæmdastjóra einstakra sviða félagsins í samráði við stjórn félagsins. Við ákvörðun starfskjara framkvæmdastjóra almennt gilda sömu sjónarmið og rakin eru í 3. gr., svo sem forstjóri ákveður að höfðu samráði við starfskjaranefnd.

5. Kaupaukar

Heimilt er stjórn að greiða stjórnendum og starfsmönnum árangurstengda kaupauka og skulu þeir miðast við frammistöðu viðkomandi starfsmanns, afkomu félagsins, mikilvæga áfanga í rekstri og starfsemi félagsins þar á meðal hvort settum markmiðum hefur verið náð. Slík breytileg laun, önnur en föst laun, skulu vera í eðlilegu hlutfalli við laun viðkomandi og skulu ekki vera hærri en sem nemur einum mánaðarlaunum á ári.

6. Upplýsingagjöf

Gera skal grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.


7. Samþykkt starfskjarastefnu

Þessi starfskjarastefna Isavia ohf. er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess, mæli lög ekki fyrir um annað, og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að ofan. Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins með eða án breytinga. Hafi verið vikið frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn félagsins færa slík frávík til bókar í fundargerðarbók ásamt rökstuðningi. Skal og gera næsta aðalfundi grein fyrir slíkum frávikum.

Þannig samþykkt á aðalfundi Isavia ohf. 2019

Reykjavík, 21. mars 2019

Í stjórn Isavia ohf.


Ólafur
Klaudia Júlía
Sanna Magnúsdóttir
Valdís Halldórsdóttir
Eva Pándera Baldursdóttir